

Brynhildur Þórarinsdóttir

Njála
Kennsluleiðbeiningar
fyrir 5.-8. bekk grunnskóla

Mál og menning
desember 2002

Um þessa útgáfu

Njála handa börnum og unglingum er 64 síður, 18 stuttir og hnitmiðaðir kaflar. Frásögnin er, eins og gefur að skilja, mikið stytt og því hefur ýmsu verið sleppt, kannski persónum sem dyggir Njáluaðdáendur munu sakna. Þeim verða lesendur einfaldlega að kynnst síðar þegar þeir taka fram hina gömlu góðu Brennu-Njáls sögu. Þessari gerð er nefnilega ekki ætlað að koma í stað hinnar „upprunalegu“ heldur vekja áhuga á verkinu, kynna hugarheim Íslendingasagnanna fyrir yngstu lesendunum; ala upp fornsagnaáhugamenn.

Við gerð þessarar bókar var ákveðið að fækka persónum og atburðum frekar en að þynna þá alla út. Frásögnin var afmörkuð við ákveðna einstaklinga til þess að lesendur gætu upplifað spennu, samsamað sig persónunum og eignast sínar uppáhaldshetjur. Njála hefur öldum saman verið einhver vinsælasta Íslendingasagan og margt fullorðið fólk talar um söguhetjur Njálu sem nána ættingja sína. Svona stutta og einfalda gerð er því ekki hægt að gefa út nema textinn sé trúr „upphaflegu“ gerðinni. Mikilvægt þótti að láta þekkt tilsvör og málshætti halda sér og sama skapi var reynt að skrifa bókina ekki á barnamáli.

Einnig var ákveðið að bjóða upp á fjölmörg styttri lesatriði meðfram aðaltextanum, eins konar krækjur, svo notað sé tölvumál. Þar eru upplýsingar um margt sem snertir umhverfi söguhetjanna, til dæmis stöðu kynjanna, vopnaburð og goðaveldið. Í hliðarefninu eru einnig fjölmargar orðskýringar og ýmislegt smálegt um Njálu í nútímanum sem vakið getur athygli krakka. Loks var lögð mikil áhersla á litríkar og lifandi myndir sem ýtt gætu undir áhuga barna á efninu.

Um kennsluleiðbeiningarnar

Hugarheimur Íslendingasagnanna er afar ólíkur því sem við þekkjum í nútímanum. Það er því nauðsynlegt að börnin kynnist hugtökum sem skiptu máli á víkingaöld áður en byrjað er á sögunni. Í þessu hefti eru lykilhugtök sagnanna skýrð í stuttu máli, hugtök á borð við sæmd, hefndir, sættir og forlagatrú. Reynt var að hafa orðalag þessara stuttu skýringarkafla með þeim hætti að hægt væri að nota þá nær óbreytta fyrir 10-13 ára nemendur. Þessir útskýringar eru miðaðar við að Njála sé fyrsta Íslendingasagan sem nemendur lesa. Þeim er ætlað að mynda grunn sem byggja má ofan í elstu bekkjum grunnskólans. Upplýsingarnar eru því einfaldar en hnitmiðaðar. Þótt ekki sé gert ráð fyrir að nemendur hafi kynnst hugarheimi Íslendingasagnanna er mælt með því að þeir hafi lesið eitthvað um sögutímann, til dæmis *Landnámsmennirnir okkar* (Mál og menning) eða bækur Námsgagnastofnunar *Komdu og skoðaðu Landnámið*, *Leifur heppni* (ásamt vef) og/eða *Landnám Íslands*.

Kaflar Njálu eru mjög stuttir og hnitmiðaðir í þessari gerð en hér í heftinu eru engu að síður spurningar fyrir hvern kafla til upprifjunar á söguþræðinum. Auk þess er stungið upp á fjölmörgum umræðuefnum og annars konar verkefnum. Markmiðið er að nemendur þekki til helstu persóna og atburða Njálu og læri sitt hvað um hugmyndaheim Íslendingasagnanna. Mörg verkefnanna í þessu hefti henta jafn vel til kennslu í lífsleikni sem íslensku því einn meginkostur Njálu er að hún hvetur til margvíslegra vangaveltna: um mannlegt eðli, lífsgildi, skoðanir, hlutverk kynjanna, stéttir þjóðfélagsins, glæpi, refsingu, hefndir, sættir, vináttu, traust, svik, róg og orðheldni, svo fátt eitt sé nefnt.

Um Njálu

Brennu-Njáls saga er talin hafa verið skrifuð á síðari hluta 13. aldar en ekki er vitað hver það gerði. Hátt í 60 handrit eru til af sögunni en fimm þeirra eru frá því um 1300. Eins og gefur að skilja voru handrit handskrifuð, hver skrifari setti mark sitt á söguna, jók við athugasemdum, breytti lítillega orðalagi eða leiðrétti villur (eða bætti óvart við villum). Þess vegna eru engin tvö handrit Njálu eins. Eitt merkasta handrit Njálu, Möðruvallabók, má sjá á mynd á bls. 9. Ef unnt er ætti að byrja kennsluna á að skoða gömul skinnhandrit í Þjóðmenningarhúsinu. Á vef Árnastofnunar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar um handrit: www.am.hi.is, einnig mætti benda á www.sagnanet.is en auk þess er verið að vinna nýjan fræðsluvef um handritin.

Ýmsan fróðleik um Brennu-Njáls sögu og uppruna hennar er að finna á bls. 8-9 í Njálu. Þessir fróðleiksmolar henta vel til kynningar á verkinu áður en hinn eiginlegi lestur þess hefst.

Um Íslendingasögurnar

Íslendingasögurnar styrktu sjálfsmynd þjóðarinnar á dögum sjálfstæðisbaráttunnar. Þá trúðu menn því gjarnan að sögurnar segðu frá raunverulegum atburðum, menn voru vissir um að Gunnar á Hlíðarenda og Hallgerður langbrók, Njáll, Bergþóra og allar hinar söguhetjur Njálu, hefðu virkilega verið til. Þess vegna voru sögurnar lengi vel dýrgripir í huga þjóðarinnar, eins konar minnisvarði sem ekki mátti hrófla við. Núna líta fáir á sögurnar sem sagnfræði. Flestir trúa því að þær séu verk merkilegra rithöfunda sem byggjast kannski á einhverjum gömlum atburðum eða arfsögnum. Sögurnar hafi þá gengið mann fram af manni þar til einhver snjall rithöfundur tók sig til og setti þær á bók. Athugið að á miðöldum var hugtakið „rithöfundur“ ekki til, menn gátu notað efni hvaðanæva að og enginn átti það sem við köllum núna „höfundarrétt“.

Höfundar Íslendingasagnanna eru allir óþekktir. Lengi vel gengu nær allar rannsóknir á sögunum út á leit að nafninu á bak við verkin. Menn staðnæmdust þá gjarnan við þekkt nöfn, til dæmis telja sumir að Snorri Sturluson hafi skrifað Egils sögu. Fyrir því, eða öðrum nöfnum sem menn hafa nefnt, eru þó engin haldföst rök og engin ástæða er til að kynna slíka höfundaleit fyrir ungum lesendum. Höfundarleysið getur einmitt virkað dúlúðlegt og spennandi í augum barna. Um að gera er að benda þeim á hvernig sögurnar gengu á milli manna áður en þær voru skráðar, eða varðveittust í munnlegri geymd, eins og það er kallað.

Tungumálið

Málfarið: Texta Brennu-Njáls sögu, eins og flestir þekkja hann, er fylgt í meginatriðum í bókinni. Forn orð fá að halda sér en gerð grein fyrir merkingu þeirra í orðskýringum. Vafalaust eiga fleiri orð eftir að vefjast fyrir nemendum og stundum gæti verið þörf á að láta þá glósa textann eins og um framandi tungumál væri að ræða. Orðaröð er óbreytt í beinni ræðu sem veldur því að sumar setningar hljóma aðeins öðruvísi en þær myndu gera nú til dags. Tilvalið er að nota slíkar setningar til að ræða um íslensku sem tungumál og minna nemendur á að þótt íslenska sé síbreytilegt og lifandi mál, eins og önnur tungumál, getum við enn þá skilið þessa gömlu texta. Nemendur fá besta tilfinningu fyrir sveigjanleika tungumálsins með því að leika sér sjálfir með það. Þeir mættu til dæmis endurskrifa einn kaflann með sínum eigin orðum, eins nútímalega og þeir geta.

Stíllinn: Stíll Íslendingasagnanna er víðfrægur: knappur, hlutlaus og lýsir fremur en skýrir. Ekki eru forsendur til að fara mikið í stíl á þessu aldurskeiði en hægt er að ræða hann almennt. Þannig gæti verið tilvalið að vekja áhuga barnanna með því að líkja stílnum við kvikmynd því sviðsetningar og breytt sjónarhorn hafa sama gildi í Íslendingasögunum og í kvikmyndum. Í báðum tilfellum segir það sem sýnt er, til dæmis hegðun og framkoma, meira en mörg orð um tilfinningar. Að því leyttinu til eru sögurnar skrifaðar á máli nútímans. Bardagalýsingin á bls. 19 er ágætis dæmi um þennan kvikmyndalega stíl.

Atburðatíminn – víkingaöld

Njála gerist um aldamótin 1000 eða á víkingaöld. Nemendur sem lesið um landnámið ættu að hafa einhverja þekkingu á lykilatriðum á borð við siglingar víkinganna, aðstæður manna hér á landi og hlutverk Alþingis. Samfélag Njálu er t.d. svipað því sem lýst er í kaflanum „Daglegt líf á landnámsöld“ í *Landnámi Íslands*.

Víkingarnir herjuðu á. 9., 10. og 11. öld. Þeir sigldu víða, stunduðu sjórán, rændu úr landi en versluðu líka við heimamenn þar sem þeir komu. Ýmsar upplýsingar um víkingaöld eru á bls. 26, 27 og 29. Um vopn þeirra má lesa á bls. 10 og 11. Söguhetjur Njálu eru íslenskir bændur en jafnframt sjóaðir víkingar. Í Njálu kemur fram að Gunnar hefur verið í víking erlendis áður en hann kynnist Hallgerði (bls. 7). Högni og Skarphéðinn fara í víking eftir að þeir hefna Gunnars og sigla bæði til Noregs og Orkneyja (sjá 8. kafla, bls. 26–27). Kári siglir líka utan til að ljúka hefndinni eftir brennuna og dvelur með konungum og höfðingjum eins og merkir víkingar gerðu.

Átökin

Íslendingasögurnar eru uppfullar af átökum, bardögum, plotti og ástríðum eins og börn og unglingar hafa alla tíð sótt í. Orrusturnar og bardagarnir geta þótt rosalegir og einhver kann að spyrja: Má skrifa svona handa börnum? – Svarið hlýtur að vera já. Þetta er fortíðin okkar og hana á ekki að fegra. Í öllum bókmenntum eru einhver átök, ævintýri eru til dæmis uppfull af átökum góðs og ills. Þessi átök vekja áhuga barnanna og verða til þess að þau taka afstöðu; halda með einhverjum og standa á móti öðrum, samsama sig hetjunni sem vinnur sigur eða fellur með sæmd. Átökin í Njálu mætti nota í umræður um rifrildi og deilur. – Hvað gera menn í dag þegar þeir deila? Hver leysir málin? Hér skiptir höfuðmáli að á víkingaöld var engin lögregla til, ekkert yfirvald var í landinu. Þótt hægt væri að taka mál fyrir á Alþingi þurftu menn að geta sjálfir varið sig og sitt fólk.

Sæmdin

Átökin og bardagarnir í Íslendingasögunum stafa af því hvað heiðurinn var mönnum mikilvægur. Segja má að sæmdin eða heiðurinn hafi verið það mikilvægasta sem menn áttu á þessum tíma. Miðaldamenn voru stoltir menn sem vildu líta vel út í augum annarra. Það skipti þá afar miklu máli hvað öðrum fannst um þá. Þeir vildu umfram allt geta sér góðan orðstír, vera miklir menn í augum annarra. Sæmdin skipti menn ekki bara máli meðan þeir lifðu, eins og hið fræga kvæði Hávamál sýnir: „Orðstír deyr aldregi, hveim er sér góðan getur“. Menn vildu frekar falla með sæmd en að gefast upp, líkt og sagan af Gunnari á Hlíðarenda sýnir.

Hefndir

Menn urðu að virka mjög sterkir til að geta haldið sæmd sinni. Allir frjálsir menn urðu að vera tilbúnir að verja sig og sýna hvað þeir voru miklir kappar, hvenær sem var. Þeir urðu að ögra öðrum mönnum til að sýna mátt sinn og grípa til aðgerða ef einhver ögraði þeim. Menn gátu ögrað öðrum mönnum eða móðgað þá á ýmsan hátt, til dæmis með flottum setningum eða vísum. Ef einhver móðgaði annan mann mátti búast við hefnd því móðgun var sama og ofbeldi, hvort tveggja var notað til að niðurlægja náungann, eða skerða sæmd hans, eins og sagt er.

Sumir myndu segja að menn hafi verið hörundsárir og uppstökkir á þessum tíma en fræðimenn telja að þessi viðbrögð hafi verið nauðsynleg til að halda samfélaginu saman. Ógnin og óttinn við hefndir hafi verið nauðsynleg til þess að menn gerðu ekki einhverja vitleysu.

Hver átti að hefna?

Þegar einhver var veginn varð sá karlmaður sem næstur honum var, til dæmis sonur hans eða faðir, að hefna hans. Konur og börn hefndu yfirleitt ekki en þó eru dæmi um það í Íslendingasögnum. Hlutverk kvenna var frekar að hvetja til hefnda. Það gat verið mikilvægt og afdrifaríkt hlutverk.

Að eggja til hefnda

Í Íslendingasögnum er konunum mjög umhugað um sæmd sína og ekki síður sæmd fjölskyldu sinnar. En þeirra hlutverk er ekki að berjast heldur hvetja þær karlmenn til hefnda. Stundum eru karlmennirnir tregir til að hefna og þá ögra konurnar þeim þar til þeir geta ekki lengur setið á sér. Það er kallað að eggja til hefnda. Þannig er það þegar Hildigunnur eggjar Flosa til að hefna Höskuldar Hvítanesgoða í 11. kafla. Margar senur þar sem konur eggja til hefnda í Íslendingasögnum eru mjög dramatískar og glæsilegar. Konurnar beita ýmsum brögðum til að skora á karlana, þær varðveita til dæmis gjarnan eitthvað sem minnir á hinn vegna. Hildigunnur varðveitir skikkjuna sem Höskuldur var í þegar hann var veginn, eins og lesa má á bls. 36. Höfundur sögunnar lætur sem skikkjan sé enn alblóðug sem eykur áhrifamátt frásagnarinnar.

Sættir

Í samfélagi eins og þessu, þar sem allir eru stöðugt að verja sæmd sína, skipta sættir mjög miklu máli. Menn urðu að sættast við óvini sína til að binda enda á hefndirnar. Stundum greiddu menn bætur til að koma í veg fyrir hefnd og stundum gáfu menn hver öðrum gjafir til að undirstrika að vináttan myndi haldast. Njáll og Gunnar greiða bætur fyrir húskarlana sem konur þeirra láta drepa (sjá 2. kafla). Þannig geta þeir báðir haldið sæmd sinni og þar með vináttunni.

Hefndir eða fyrirgefning

Nota mætti vígaferlin og hefndirnar í sögunni til að ræða um ofbeldi og lausnir á deilum. Tilvalið er að ræða um fyrirgefninguna sem lítið fer fyrir í Njálu frekar en í öðrum Íslendingasögnum. Of einfalt er að segja að það sé vegna þess að sögurnar gerist flestar í heiðni en fyrirgefningin sé kristið hugtak. – Við vitum einfaldlega að á

Sturlungaöld, þegar Íslendingar höfðu verið kristnir í rúm 200 ár, voru menn enn að berjast fyrir sæmd sinni, hefna sín og drepa nágranna sína. Á þessum kristna tíma gerast jafnhræðilegir atburðir og sagt er frá í Njálu, menn berjast, eru höggðir til bana og kveikt er í bæjum fullum af fólki. Um það má lesa í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar sem skrifuð var á 13. öld. Seinni hluti Njálu gerist þar að auki eftir kristnitökuna en samt hefna menn sín grimmilega. Rétt er að minna á að auðvitað kristnaðist heil þjóð ekki á örskotsstundu, hinn gamli siður lifði lengi vel, enda mátti blóta á laun.

Hvenær breyttist hefndarhugafarið?

Mikið hefur verið skrifað um sæmd og heiðursmenn á miðöldum en of flókið mál er að útskýra gildi hefndarinnar fyrir samfélagið fyrir þetta ungu krökkum. Ef nauðsyn krefur er einfaldast að benda á að ekkert sterkt yfirvald eða framkvæmdavald hafi verið til staðar sem gripið gat í taumana. Menn urðu að geta varið sig sjálfir. Smátt og smátt dró úr bardögunum eftir að Íslendingar urðu þegnar Noregskonungs, 1262, og árið 1281 var blóðhefnd endanlega bönnuð með lögum. (Sjá bls. 59).

Minna þarf á að í dag leysa menn alvarleg mál á annan hátt; fyrir dómstólum, hjá lögreglunni eða öðru yfirvaldi. Fjölmargir aðilar eiga að rétta hlut þeirra sem gengið hefur verið á og sjá um að allir geti lifað í sátt og samlyndi. Börn geta til dæmis leitað til umboðsmanns barna sem á að sinna þeirra umkvörtunum.

Heiðni – kristni

Fyrri hluti Njálu, saga Gunnars og fjölskyldu, gerist í heiðnum sið. Þá trúðu menn á æsi en ædstur þeirra var Óðinn, hinn eineygði. Æsirirnir bjuggu í Ásgarði og þar gerðust mörg bráðskemmtileg ævintýri. Ekki er minnst sérstaklega á æsina í Njálu en heiðnin er þó áberandi, sérstaklega í kringum fall Gunnars. Sagt er frá ýmsum siðum sem eru afar ólíkir siðum nútímans. Gunnar er til dæmis heygður eftir dauðann, eins og vaninn var með heiðna menn. Á bls. 25 eru upplýsingar um hauga og siðina í kringum þá.

Tilvalið er að nýta Njálu til að benda nemendum á ævintýraheim norrænu goðafræðinnar. Til eru bækur við allra hæfi um norrænar goðsögur, allt frá teiknimyndasögunum um Goðheima til nýrra skáldsagna Lars-Henriks Olsen um ferðir Eiríks til Ásgarð og Jötunheima.

Forlagatrúin

Á þessum tíma trúðu menn því að enginn gæti flúið örlög sín. Þeir trúðu því að örlögin væru ákveðin fyrirfram og ekkert gæti breytt þeim (sjá bls. 11 og 47). Gamli málshættir eins og „ekki verður feigum forðað eða ófeigum í hel komið“ sýna þetta viðhorf. Gott er að hafa forlagatrúna í huga þegar kaflinn um fall Gunnars er lesinn (7. kafli) því Hallgerður telur hann greinilega feigan. Andstæða hans er Kári Sölmundarson en gæfan fylgir honum alla tíð. Þegar Kári og Skarphéðinn berjast við eld og reyk í brennunni er augljóst að Skarphéðinn er feigur en gæfan mun bjarga Kára. (Sjá 14. kafla).

Persónur Njálu

Njála er saga sterkra einstaklinga. Í fyrri hluta bókarinnar er einkum fylgst með Gunnari á Hlíðarenda og Hallgerði konu hans en í seinni hlutanum eru það Njáll og Bergþóra á Bergþórshvoli sem eru í brennidepli, þó einkum synir þeirra Skarphéðinn, Helgi og Grímur – og vinur þeirra Kári Sölmundarson.

Mannlýsingar í Íslendingasögunum eru stórskemmtilegar og afar nákvæmar. Þær eru svo nákvæmar að þær gætu komið í stað ljósmynda, jafnvel kvikmynda því í mörgum tilvikum er hreyfingu eða framkomu manna lýst, ekki síður en útliti. Lýsingin á Gunnari og Hallgerði í 1. kafla er nær óbreytt úr Brennu-Njáls sögu. Þar eru mörg atriði sem börnum gætu þótt skemmtileg eða skrýtin, til dæmis hefur Gunnar gaman af að klæðast fallegum fötum. Hann er líka sagður kurteis, sem hefur ekki alveg sömu merkingu og í dag. Þetta orð var haft um riddara og var því notað um menn sem kunnu að haga sér meðal konunga.

Persónur Njálu eru ekki bara hetjur eða kvenskörungur, þær gegna líka hversdagslegum störfum. Gunnar er til dæmis bóndi og Hallgerður eldar mat. Á bls. 17 eru upplýsingar um störf karla og kvenna sem tilvalið er að nota til umræðna um stöðu karla og kvenna á víkingaöld – og í nútímanum. Á þessum tíma réðu karlmenn því hverjum konur giftust, faðirinn ákvað hjónaband dóttur sinnar. Konur Njálu eru samt alls ekki stilltar og þrúðar og tilbúnar að hlýða körlunum í einu og öllu. Þær eru sjálfstæðar, hugrakkar, lævísar og grimmlyndar, rétt eins og karlarnir.

Vináttan

Vináttan skiptir miklu máli í Njálu. Njáll og Gunnar eru bestu vinir og synir þeirra, Skarphéðinn og Högni, líka. Skarphéðinn og Högni hefna Gunnars í sameiningu, eins og lesa má í 8. kafla. Hallgerður og Bergþóra eru hins vegar miklar óvinkonur og ganga mjög langt í deilum sínum. Þær láta drepa vinnumenn og þræla hvor fyrir annarri og kalla hvor aðra öllum illum nöfnum. Gunnar og Njáll ná að halda vináttu sinni með því að borga bætur fyrir húskarlana. Þannig halda þeir báðir sæmd sinni. Augljóst er af sögunni hversu mikilvægt er að geta treyst vinum sínum og að vera þeim trúur. Þetta passa Gunnar og Njáll. Sagan endar líka á sáttum og vinskáp milli þeirra sem áður voru óvinir, Kára og Flosa.

Rógurinn, baktalið

Gildi traustrar vináttu er tíundað í Njálu með frásögn af því hversu alvarlegar afleiðingar rógur og svik hafa. Framferði Marðar (10. kafla) sýnir hversu slæmt er að misnota vináttuna. Hann gerir Njálssyni að vinum sínum til þess eins að geta notfært sér þá til voðaverka. Mörður, sem er goðorðsmaður, öfundar nýja goðorðsmanninn, Höskuld Hvítanesgoða. Hann þykist vinur Njálssona og baktalar Höskuld. Skarphéðinn og bræður hans trúu rógburði Marðar og myrða Höskuld, alsaklausan. Þetta víg verður upphafið að þeirra eigin endalokum. Kaflinn er fyrst og fremst áminning um að ekki skuli trúu öllu sem sagt er um annað fólk. Illt umtal hefur alvarlegar afleiðingar fyrir allt, líka þá sem taka þátt í því.

Verkefni og hugleiðingar með hverjum kafla

Hér á eftir fylgja tillögur að verkefnum fyrir hvern kafla sögunnar. Í fyrsta lagi er um að ræða einfaldar efnisspurningar til upprifjunar á efni kaflans. Reiknað er með stuttum svörum en öll svörin er að finna í textanum. Meiri áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun í því sem hér er kallað „umræðuefni“ sem ætluð eru fyrir allan bekkinn. (Sum þeirra mætti nota sem skrifleg verkefni). Þar eru nemendur hvattir til „innlifunar“, að setja sig í spor persónanna, draga ályktanir af frásögninni og upplýsingum um sögutímann og mynda sér skoðun á atburðum og einstaklingum.

Í mörgum tilvikum gæti hentað að skipta bekknum í smærri hópa til að ræða ákveðna hluti. Einn úr hverjum hópi myndi síðan kynna niðurstöðurnar fyrir bekknum. Með því fá nemendur þjálfun í framsögn, eins og gerðar eru kröfur um í námskrá, en auk þess er auðveldara að fá fleiri til að láta ljós sitt skína. Til þess að stuðla að því að allir taki þátt í umræðunum mætti mynda sérstaka -stelpna og strákahópa fyrir sum verkefni. Það gæti um leið gefið skemmtilega sýn á söguna og vakið til umhugsunar um hvers vegna stelpur og strákar líta sömu atburði ekki alltaf sömu augum.

Að öllum líkindum er Njála fyrsta Íslendingasagan sem krakkarnir kynnast og því er eindregið mælt með því að hún sé lesin upphátt fyrir nemendur. Meginmarkmiðið er að nemendur njóti sögunnar og lifi sig inn í hana. Hver kafli er stuttur og tekur ekki nema um 4-5 mínútur í lestri. Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt að komast yfir fleiri en einn kafla í kennslustund, ásamt verkefnum.

1. kafli

Gunnar og Hallgerður

Kynning á Gunnari og Hallgerði. Lýsing á þeim. Takið eftir vopnum Gunnars og hári Hallgerðar. Fortíð Hallgerðar er nefnd – fyrri eiginmenn hennar voru vegnir og kannski var hún með í ráðum. Þar með er gefið í skyn að hún boði ógæfu. Rifjaður er upp slæmur spádómur en frændi hennar sagði hana hafa þjófsaugu þegar hún var barn. Þetta er mikilvæg vísbending eða forspá um það sem síðar gerist (í 4. kafla).

Efnisspurningar

1. Hvar bjuggu Gunnar og Hallgerður? Finndu staðinn á Íslandskorti.
(Á Hlíðarenda í Fljótshlíð).
2. Hvernig vopn átti Gunnar?
(Sverð, skjöld, öxi, boga og örvar og atgeir).
3. Hvað varð um fyrri eiginmenn Hallgerðar?
(Fóstri hennar drap þá, sumir sögðu að hún hefði látið hann drepa fyrsta eiginmanninn).
4. Hvað sagði frændi Hallgerðar um augun í henni?
(Hann sagði að hún hefði þjófsaugu sem var afar slæmt. Faðir hennar tók það nærri sér því enginn vildi hafa þjóf í ætt sinni).
5. Hvar hittust Hallgerður og Gunnar fyrst?
(Á Alþingi).

Umræðuefni

Lesið kaflann upphátt fyrir bekkinn og segið nemendum að taka vel eftir lýsingunni á hjónunum. Kynnið það sem sagt er hér að framan um persónur og mannlýsingar. Bendið á hversu nákvæm lýsingin er.

1. Látið nemendur búa til Gunnar og Hallgerði úr pappír og klippa út. Það mun koma á óvart hversu ólíkar dúkkulísurnar verða þrátt fyrir nákvæma lýsingu sögunnar. Festið litlu pappapersónurnar á karton sem fær að hanga uppi í stofunni meðan unnið er með Njálu. Þegar líður á söguna bætast fleiri persónur við. Í lok Njálutímanna væri tilvalið að skipta nemendum niður á persónur sögunnar og láta þá vinna stórar myndir sem skreytt gætu skólann eða stofuna. Hægt væri að velja þá einn pappakarll eða kerlingu af hverju kartoni til að stækka upp, eða einstaka atburði.
2. (Gæti verið hemaverkefni) Nemendur vinna mannlýsingu um einhvern bekkjarfélag, t.d. sessunaut sinn (eða annan vin sinn).
„Skrifaðu lýsingu á einhverjum í bekknum og hafðu lýsingu Gunnars til fyrirmyndar. Mundu að lýsa bæði útliti og hæfileikum bekkjarfélagsins. Ekki gleyma að þú ert að lýsa hetju, lýsingin þarf að vera jákvæð.“

2. kafli

Njáll á Bergþórshvoli

Kynning á heimilisfólkinu á Bergþórshvoli; Njáli, Bergþóru og sonum þeirra, Skarphéðni, Helga og Grími, og dætrunum Þorgerði, Helgu og hinni þriðju sem aldrei er nefnd með nafni. Takið vel eftir lýsingu Njáls, hann er vitur og hógvær, friðsamur og á móti bardögum. Spádómar hans rætast alltaf. Það er mikilvægt að hafa í huga því hann spáir því að illt muni stafa af Hallgerði og varar Gunnar við að giftast henni. Athugið líka lýsingu Skarphéðins sem er mjög ólíkur föður sínum, glottandi, kaldhæðinn og grimmilegur. Öxin Rimmugýgur er eins konar einkenni Skarphéðins. Hér segir líka frá deilum Hallgerðar og Bergþóru sem leiðast út í blóðhefndir og hvernig Gunnar og Njáll greiða bætur til að halda vináttunni.

Efnisspurningar

1. Hver var besti vinur Gunnars á Hlíðarenda?
(Njáll á Bergþórshvoli).
2. Segðu frá fjölskyldunni á Bergþórshvoli.
(Hjónin og 6 börn, athugið lýsinguna á þeim).
3. Hvenær fór Gunnar ekki að ráðum Njáls?
(Þegar hann giftist Hallgerði langbrók en Njáll hafði varað hann við henni).
4. Hvernig kom Hallgerði og Bergþóru saman?
(Þær deildu harkalega, voru miklar óvinkonur).
5. Hvað gerðu Gunnar og Njáll þegar eiginkonur þeirra höfðu látið drepa húskarla hvor annarrar?
(Þeir greiddu hvor öðrum bætur svo báðir héldu sæmd sinni og þannig gátu þeir haldið áfram að vera vinir).

Umræðuefni

1. Hér mætti bæta við klippimyndum af fjölskyldunni á Bergþórshvoli.
2. Þessi kafli er góður til að fá bekkinn til að ræða um vináttuna. Hægt er að nota eftirfarandi spurningar til að fá krakkana til að tjá sig:
Hvernig geta Gunnar og Njáll verið svona góðir vinir þegar konurnar þeirra hatast?
Haldið þið að það hafi verið erfitt fyrir þá að halda vináttunni?
Hvað ætli hefði gerst ef Gunnar og Njáll hefðu hætt að vera vinir?
Eiga vinir að skipta sér af öllu sem gerist í lífi manns? – eiga þeir til dæmis að skipta sér af því hverjum maður giftist?
Hvenær skiptið þið ykkur af því sem vinir ykkar gera?
Njáll varar Gunnar við ef honum finnst hann vera að gera mistök. Hvaða máli skiptir það að eiga slíka vini?

Loks mætti láta nemendur lýsa góðum vini, með frásögn, ljóði, teikningu eða öðru sem þeir vilja nota til að tjá sig.

3. kafli

Taðskegglingar

Einkenni Njáls er nefnt: Honum vex ekki skegg. Hallgerður hæðir hann og syni hans vegna þessa og lætur yrkja níðvísur. Farandkonur bera vísurnar milli bæja og á Bergþórshvol. Viðbrögðum bræðranna er bara lýst utan frá, en lesa má tilfinningar þeirra úr lýsingunni. Þetta er dæmigert fyrir stíl Íslendingasagnanna (kvikmyndalíkingin virkar vel hér). Viðbrögð Njáls eru gjörólík viðbrögðum Bergþóru. Hún vill hefnd en hann vill frið.

Efnisspurningar

1. Fyrir hvað stríddu menn Njáli?
(Honum óx ekki skegg).
2. Hvernig frétti Bergþóra af vísunum sem Hallgerður lét yrkja um Njál?
(Farandkonur kjöftuðu frá).
3. Hvað eru farandkonur?
(Fátækar konur sem lifðu á betli og flökkuðu milli bæja).
4. Skoðaðu lýsinguna á Skarphéðni þegar Bergþóra segir honum frá þessum vísunum. Hvernig heldurðu að honum líði?
(Hann er væntanlega öskureiður).
5. Hverju svarar Skarphéðinn þegar Njáll spyr hvert hann ætli?
(„Leita sauða þinna“).
6. Hvað eru Skarphéðinn og bræður hans í raun og veru að fara að gera?
(Þeir ætla að hefna fyrir vísurnar og drepa frænda Gunnars).

Umræðuefni

Veltið fyrir ykkur hlutverki farandkvennanna.

Berast kjaftasögur á sama hátt nú til dags? Hvernig bárust fréttir milli bæja eða landshluta þegar enginn sími var og engir fjölmiðlar?

Hver eða hvað er í hlutverki farandkvennanna núna? – Hver segir slúðurfréttirnar?

Skyldu allir menn hafa verið uppteknir af hefndarhugsun á þessum tíma? Skoðið viðhorf Njáls til hefnda. Hann segir við Bergþóru: „Og fer svo um mörg mál þó að menn hafi skapraun af, að jafnan orkar tvímælis þó að hefnt sé.“

Lestu það sem sagt er um skegg á bls. 14. Þar kemur fram að skeggleysi gat táknað aumingjaskap. Hallgerður kallar Njál karl hinn skegglaus og syni hans taðskegglunga en tað merkir skítur. Hvernig skyldu þá vísurnar hafa verið sem Bergþóra móðgaðist út af? Prófið að yrkja vísur um Njál og syni hans þar sem þessi viðurnefni koma fyrir.

Hvort finnst ykkur Bergþóra eða Njáll bregðast rétt við fréttunum af níðinu miðað við að allir áttu að gæta sæmdar sinnar á þessum tíma?

Hvort þeirra finnst ykkur bregðast rétt við ef þetta væri að gerast nú?

Hvernig mynduð þið bregðast við ef þið heyrðuð að gert hefði verið grín að ykkur heima hjá vinum ykkar?

4. kafli

Kinnhesturinn

Kuldi veldur matarskort. Gunnar reynir að kaupa mat af Otkatli nágranna sínum en honum er seldur þræll í staðinn. Gunnar býður til veislu, ekki er til nægur matur. Stolt Hallgerðar er í veði, hún sendir þrælinn til Otkels að stela mat. Gunnar reiðist mjög, lýstur hana kinnhest. Hallgerður segist ætla að muna honum kinnhestinn (sem hún gerir svo í lokabardaga hans, bls. 25).

Efnisspurningar

1. Hvers vegna var ekki til nægur matur á Hlíðarenda?
(Of kalt hafði verið til að hægt væri að rækta korn / yrkja jörðina).
2. Hvert var hlutverk húsmóðurinnar á bænum?
(Sjá hliðarefni bls. 17).
3. Hvert var hlutverk húsbóndans?
(Sjá hliðarefni bls. 17).
4. Til hvaða ráða greip Hallgerður þegar hún sá að ekki var til nægur matur?
(Hún sendi þræl að stela af næsta bæ og lét hann brenna matarbúrið á eftir sér).
5. Hvernig brást Gunnar við þegar hann uppgötvaði hvað hún hafði gert?
(Hann varð mjög reiður og sló hana / laust hana kinnhest).

Umræðuefni

Athugið það sem sagt er um gestrisnina á bls. 16. Hvernig er tekið á móti gestum núna? Hefur gestrisnin breyst? Gæti eitthvað hafa valdið því að fólk varð að dvelja lengi þegar það fór í heimsókn á víkingaöld? Hvernig haldið þið til dæmis að samgöngur hafi verið? Hvernig voru vegirnir og hvers konar farartæki notuðu menn?

Rifjið upp orð frænda Hallgerðar í 1. kafla um að hún hefði þjófsaugu. Hvernig rættist spádómurinn? Haldið þið að þjófar hafi öðruvísi augu en annað fólk?

Eldri nemendurnir gætu notað þjófsaugun til að skoða hvernig höfundur sögunnar byggir upp spennu. Sagt er frá orðum Hrúts um þjófsaugu Hallgerðar strax þegar hún er kynnt til sögunnar. Þannig skapar höfundurinn eftirvæntingu og bendir lesendum á að vera á verði; Hallgerður muni líklega tengjast þjófnaði eins og síðar kemur á daginn.

Þessi frásagnaraðferð er dæmigerð fyrir Íslendingasögurnar. Gefið er í skyn hvað muni gerast með spádómum, draumum og hugboðum. Þegar lesendur sjá slíka forspá í sögunum vita þeir að hún mun rætast. Bendið nemendum á að hafa þetta í huga þegar þeir lesa söguna og staldra við þegar spád er fyrir um eitthvað.

5. kafli

Bardagi við Rangá

Gunnar lendir í fekari illdeilum við Otkel sem Hallgerður hafði látið stela mat frá. Þegar upp var staðið hafði Gunnar alla sæmd af deilunum. Otkell hefnir sín með því að reka spora í andlit Gunnars og segja hann gráta. Gunnar reiðist og fær Kolskegg bróður sinn með sér gegn Otkatli og félögum. Til bardaga kemur við Rangá. Bræðurnir gjörsigra og vega átta menn, þar á meðal Otkel.

Efnisspurningar

1. Hvers vegna var Otkell reiður út í Gunnar?
(Otkell hafði komist að þjófnaðinum, reynt að hefna sín en það misheppnaðist og Gunnar hlaut alla sæmd af málinu).
2. Hvað gerði Otkell við Gunnar?
(Hann reið að honum og rak spora í kinnina á honum).
3. Hvað sagði Otkell sem Gunnari þótti svo móðgandi?
(Hann sagði að Gunnar hefði grátið).
4. Hver fór með Gunnari til að berjast við Otkel?
(Kolskeggur bróðir Gunnars).
5. Hvernig fór bardaginn við Rangá?
(Gunnar og Kolskeggur gjörsigruðu og drápu átta menn).

Umræðuefni

Af hverju móðgast Gunnar svona ofboðslega þegar Otkell segir að hann hafi grátið?

Fyrir nokkrum árum flutti hljómsveitin SSSól mjög vinsælt lag sem hét „Geta pabbar ekki grátið?“ Skoðið texta lagsins og veltið fyrir ykkur hvort sömu „reglur“ gildi nú og á víkingaöld um grátinn.

Geta pabbar ekki grátið

Eitt lítið tár læðist niður kinnina þína
einmana vinalaus lítill í hjartanu og smár
brosið þitt gægist samt alltaf í gegn um tárin
manstu hvað þú sagðir einu sinni við mig

Geta pabbar ekki grátið
geta pabbar ekki grátið

Allir að dást að því hvað þú sért stór og sterkur
kinkað kolli og klappað hraustlega á bak
ef þú svo dettur og meiðir þig máttu ekki gráta
það er sko merki um dugleysi og aumingjaskap

Geta pabbar ekki grátið ...

Finnst ykkur þabbar mega gráta? Af hverju má þabbinn í laginu það ekki? Finnst ykkur sanngjarnt að hann megi það ekki? Hvers vegna á maður að hætta að gráta á einhverju aldurskeiði?

En hetjur, mega nútíma-hetjur gráta?

Hvernig sjáið þið að fólk langar til að gráta? – Hvað gerir það í staðinn?

6. kafli

Fögur er hlíðin

Vinir Gunnars óttast um hann. Einn þeirra gefur honum hundinn Sám sem hefur mannsvit, mun gelta að óvininum. Þetta er mikilvægt því óvinir hans munu síðar þurfa að losna við hundinn til að ná Gunnari (í 7. kafla). Þorgeir Otkelsson vill hefnd, situr ásamt liði sínu fyrir Gunnari og Kolskeggi. Bræðurnir vega eða særa marga og Þorgeir fellur. Báðir eru dæmdir útlægir sem er lykilatíði fyrir það sem næst gerist. Útlægir menn máttu ekki vera á landinu og eru rétttræpir ef þeir hlíta ekki dómnum. Kolskeggur fer utan en Gunnar snýr við og stefnir þar með lífi sínu í voða.

Efnisspurningar

1. Hvað var merkilegt við hundinn Sám?
(Hann hefur mannsvit og mun gelta að óvinum Gunnars).
2. Hvers vegna vildi Þorgeir ráðast á Gunnar?
(Því Gunnar hafði drepið Otkel, föður hans. Þorgeir vildi hefna föður síns).
3. Hvernig fór bardaginn?
(Gunnar og Kolskeggur særðu og vógu marga menn, þar á meðal Þorgeir).
4. Hvernig lauk þessu máli á Alþingi?
(Gunnar og Kolskeggur voru dæmdir útlægir, þ.e. urðu að sigla utan).
5. Hvernig brást Gunnar við dómnum?
(Hann ætlaði að fara til útlanda en hætti við þegar hann horfði heim að bænum sínum á leið til skips).

Umræðuefni

Á bls. 20 er sagt frá sakamönnum og hvernig þeim var refsað á víkingaöld. Kynnið þetta fyrir bekknum með áherslu á hvað felst í að vera dæmdur útlægur. Ræðið þessa refsingu við bekkinn, til dæmis út frá spurningum á borð við: Hvað finnst ykkur um þessa refsingu, að banna mönnum að vera á landinu í þrjú ár? Á hvaða hátt er þessi refsing ólík því sem tíðkast nú? Er á einhvern hátt svipað að vera dæmdur í útleigð og í fangelsi?

Orð Gunnars þegar hann snýr aftur eru mjög fræg: „Fögur er hlíðin, svo að mér hefur hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar og slegin tún, og mun ég ríða heim aftur og fara hvergi.“ (bls. 21)

Veltið þessum orðum Gunnars fyrir ykkur. Hvers vegna snýr hann við?
Var það rétt af honum?
Hvað hefðir þú gert í hans sporum?

Eldri nemendurnir hefðu gaman af því að sjá hvernig hægt er að vinna með efni sögunnar. Andri Snær Magnason rithöfundur orti eitt sinn ljóð sem minnir á síðustu nótt Gunnars. Ljóðið heitir Hetjan og birtist í ljóðabók Andra *Ljóðasmygl og skáldarín* (Nykur, bókaútgáfa, 1995)

Skoðið ljóðið og vísanirnar í söguna.

Hetjan

sem hafði lagt fleiri að velli en
nokkur okkar hinna og aldrei dvalist
lengur en til dögunar í rúmum þeirra,
hnaut um stól á leiðinni út einn
laugardagsmorguninn.

Honum varð
litið til rúmsins og vífsins í rúminu.
Þá mælti hann: Fögur er stúlkan svo
að mér hefur hún aldrei jafnfögur
sýnst, bleikir vangar en slegið hár, og
mun ég ríða aftur og fara hvergi.

Í dag búa þau í Árbænum.

7. kafli

Gunnar berst til dauða

Óvinir Gunnars fréttu að hann hafi hunsað dóminn. Safna liði gegn honum og ríða heim að Hlíðarenda að nóttu til. Þeir vita hvað hundurinn er öflugur og neyða nágranna Gunnars til að sækja hann. Sámur þekkir manninn og þegir og þeir ná að drepa hann. Einn er sendur að athuga hvort Gunnar sé heima, Gunnar rekur atgeirinn í hann út um gluggann. Benda mætti börnunum á hversu „svalur“ maðurinn er þegar hann snýr helsærður til baka, kveinkar sér ekki heldur segist ekki vita hvort Gunnar sé heima: „En hitt vissi ég að atgeir hans var heima.“ Bogi Gunnars er hættulegt vopn uns strengurinn slitnar. Hér er ein frægasta sena Njálu þar sem Gunnar biður Hallgerði um hárlökk en hún neitar og vísar í kinnhestinn (úr 4. kafla). Gunnar rýkur út að berjast, verst frækilega og fellur með sæmd.

Efnisspurningar

1. Hvers vegna mega óvinir Gunnars ráðast á hann?
(Vegna þess að hann fór ekki eftir dómi Alþingis, neitaði að sigla utan. Hann er rétttræpur).
2. Af hverju verða óvinirnir að losna við hundinn?
(Hundurinn hefur mannsvit og mun gelta að óvinunum og þar með vekja Gunnar).
3. Hvað kom fyrir manninn sem sendur var til að kanna hvort Gunnar væri heima?
(Gunnar rak atgeirinn út um gluggann og gerði djúpt sár á kvið hans. Maðurinn rétt komst til baka áður en hann dó).
4. Hvernig ætlaði Gunnar að laga bogann eftir að strengurinn slitnaði?
(Hann bað Hallgerði um hárlökk og vildi að hún byggi til streng úr lokknum, ásamt móður hans).
5. Hvernig brást Hallgerður við þegar Gunnar bað hana um hárlökk?
(Hún varð reið og sagðist ætla að muna honum kinnhestinn. Neitaði honum um hárlökkinn).
6. Hvernig lauk bardaganum?
(Gunnar særði fjölda manna áður en hann féll niður af mæði. Þá var hann særður en stóð samt upp og varðist áfram. Að lokum var hann drepinn).

Umræðuefni

Hvað finnst ykkur um viðbrögð Hallgerðar? – Hefði hún átt að láta Gunnar fá hárlökk?

Haldið þið að hárlökkur geti verið sterkur bogastrengur? (Venjulega er notað hrosshár í bogastrengi, það er miklu stífara og sverara en mannshár).

Athugið að hér skiptir forlagatrúin máli. Kynnið nemendum það sem sagt er hér að framan um forlagatrúna. Menntu því að ekki væri hægt að snúa á örlögin. Gunnar veit greinilega að hann er feigur – að þetta er síðasti bardaginn hans. Orðalag hans við hundinn sýnir það, hann veit að hann mun deyja skömmu á eftir hundinum: „Sárt ertu leikinn Sámur fóstri og viðbúið að svo sé til ætlast að skammt skuli okkar á milli.” Kannski veit Hallgerður þetta líka þegar hún neitar að láta hann fá hárlökk. Hún veit að lokkurinn mun engu breyta.

Hvernig haldið þið að þessi frásögn væri ef þetta hefði gerst á Íslandi í gær? Hvernig yrði talað um mann sem hefði sært eða drepið marga menn áður en hann var sjálfur drepinn? Myndi þetta geta gerst núna? – Af hverju ekki? (Í þessu sambandi má vísa í það sem skrifað er hér að framan um skort á yfirvaldi og hefndarskylduna).

Gunnar vill umfram allt falla við góðan orðstír – gott umtal. Finnst ykkur orðstírinn skipta jafnmiklu máli núna? Hvernig ávinnur maður sér góðan orðstír í nútímanum?

Hetja er hugtak sem vekur áhuga barna og unglunga. Vangaveltur nemenda um hetjur í gamladaga og nútímanum geta orðið bráðskemmtilegar. Hægt er að ganga út frá hugleiðingum á borð við: Getur maður verið hetja án þess að veга marga menn? Eru hetjur núna þeir sem bjarga lífi frekar en þeir sem drepa? Hverjir eru hetjur nú til dags? (Spyrja mætti um ýmsar stéttir, t.d. lækna, björgunarsveitarmenn, íþróttamenn, mömmur, pabba, hermenn, heimsfræga listamenn o.s.frv.) Hvað þarf maður að gera til að vera hetja? Geta börn verið hetjur? Hvað hafið þið gert sem er hetjulegt? Lítil börn sem eru alvarlega veik eru oft kölluð hetjur. Er það rétt?

Ritunarverkefni

Eftir fall Gunnars verða skil í frásögninni. Tilvalið er að láta nemendur skrifa stutta ritgerð, heima eða í kennslustund. Nota mætti eftirfarandi leiðbeiningar:

Skrifið stutta lýsingu á hetju í nútímanum. Munið að hetja getur bæði verið karl og kona, og á hvaða aldri sem er og í hvaða stöðu sem er. Hetjan sem þið skrifið um þarf að vera alvöru manneskja (ekki sögupersóna eða í bío mynd) og þið þurfið að rökstyðja val ykkar. Berið hetjuna ykkar saman við Gunnar á Hlíðarenda. Hvað eiga þessar hetjur sameiginlegt og hvað er ólíkt með þeim?

8. kafli

Högni og Skarphéðinn hefna Gunnars

Móðir Gunnars sakar Hallgerði um dauða hans. Hún flytur til dóttur sinnar og Þráins Sigfússonar ásamt Grana, syni þeirra Gunnars. Skarphéðinn og Högni sonur Gunnars eru vinir. Þeir sjá sýnir, finnst haugur Gunnars opinn og Gunnar kveða vísu þar inni. Þeir taka vísunni sem áskorun og hefna hans. Högni hverfur úr sögunni en Skarphéðinn og bræður hans fara í víking, kynnast þar Kára Sölmundarsyni og herja með honum. Lenda í útistöðum við Þráin. Kári kvænist svo systur bræðranna við heimkomu.

Efnisspurningar

1. Hvers vegna kenndi móðir Gunnars Hallgerði um dauða hans?
(Hallgerður hafði neitað honum um lokk í bogastreng. Og hún hafði látið stela matnum sem varð til þess að hann komst upphaflega í vandræði).
2. Hvert fluttu Hallgerður og Grani sonur þeirra Gunnars?
(Til Þráins Sigfússonar sem var giftur dóttur Hallgerðar af fyrra hjónabandi).
3. Hvað sagði Gunnar í vísunni sem Skarphéðni og Högna heyrðist hann kveða í haugnum?
(Að hann hefði heldur viljað deyja en víkja fyrir óvinunum).
4. Hvert sigldu Njálssynir eftir þetta?
(Þeir fóru í víking, sigldu til Noregs og Orkneyja).
5. Hver kom þeim í vandræði í Orkneyjum og hvernig hefur hann komið við sögu áður?
(Þráinn Sigfússon kom þeim í vandræði. Hallgerður hafði flutt til hans eftir að Gunnar dó, og hann hafði fyrr verið viðstaddur þegar Hallgerður lét drepa fóstura bræðranna).
6. Hverjum kynntust Njálssynir í ferðinni?
(Þeir kynntust Kára Sölmundarsyni sem kvæntist svo systur þeirra).

Umræðuefni

Kynnið fyrir bekknum það sem sagt er hér að framan um heiðni. Ásatrúin er mjög skemmtileg og hentar vel til að láta nemendur vinna stutt verkefni. Hver um sig gæti valið sér einn ás til að skrifa um, t.d. Þór, Óðin, Freyju, Frigg, Frey, Tý o.s.frv. Upplýsingar eiga að vera til á hverju skólasafni. Þetta gætu verið hópverkefni sem skila mætti sem veggspjöldum eða blaðsíðum sem safnað yrði saman í „handbók“ bekkjarins um ásatrú.

Látið nemendur lesa það sem skrifað er um hauga á bls. 25. Hvað ætli hafi verið lagt í haug Gunnars? – Um það er í raun ekki vitað en nemendur geta hæglega giskað.

Njálssynir og Kári fara í víking. Siglingum víkinganna hafa nemendur líklega kynnst en rifja má upp helstu atriðin með því að lesa aukaefnið á bls. 26–27. Skoðið siglingarleiðina á landakorti í bókinni.

9. kafli

Bardagi við Markarfljót

Skarphéðinn vill hefna sín á Þráni. Hann heimtar bætur vegna vandræðanna sem Þráinn skapaði þeim bræðrum í Orkneyjum. Bæði Þráinn og Hallgerður tengdamóðir hans taka bræðrunum illa. Hallgerður og Skarphéðinn rífast. Bræðurnir segja Bergþóru frá sem reiðist og vill að Hallgerður fái makleg málagjöld. Flökkukonur segja frá ferðum Þráins. Bergþóra hvetur syni sína af stað án þess að láta Njál heyra. En Njáll vaknar. Skarphéðinn endurtekur svarið um sauðaleitina (bls. 15). – Þeir leggjast í leyni. Þráinn og menn hans átta en Skarphéðinn og hans menn fimm. Þráinn er óviðbúinn, Skarphéðinn sér það og rennir sér fótskriðu yfir Markarfljót. Heggur til Þráins og klýfur höfuð hans niður í jaxla sem detta á ísinn. Menn Þráins drepnir nema tveir unglingar, Grani Gunnarsson og frændi hans Gunnar Lambason. Skarphéðinn sleppir þeim en á eftir að sjá eftir því síðar (sjá 13. og 14. kafla).

Efnisspurningar

1. Fyrir hvað vildi Skarphéðinn fá bætur frá Þráni?
(Fyrir vandræði sem hann kom þeim bræðrum í í Orkneyjum).
2. Hvernig móttökur fengu Skarphéðinn og menn hans hjá Þráni og Hallgerði? Hvað gerðist?
(Þráinn neitaði að borga og Skarphéðinn og Hallgerður fóru að rífast. Hann kallaði hana hornkerlingu og pútu en hún kallaði hann taðskegging og pabba hans karl hinn skegglausa).
3. Hvernig brást Bergþóra við þegar synir hennar sögðu frá móttökunum?
(Hún varð öskureið og vildi að Hallgerður fengi að borga fyrir dónaskapinn).
4. Hvers vegna vildi Bergþóra ekki að Njáll heyrði til hennar þegar hún hvatti syni þeirra til hefnda?
(Njáll hefði stöðvað þá því hann var friðsemdarmaður og vildi ekki blóðhefndir).
5. Hvernig voru bræðurnir og Kári klæddir þegar þeir lögðu af stað? Lýstu vopnunum líka.
(Skarphéðinn var í bláum stakk og með Rimmugýgi, Kári í silkitreyju með gylltan hjálm og skjöld með ljósmynd á, Helgi í rauðum kyrtli með rauðan skjöld með hjartarmynd á).
6. Hvenær áður hafði Skarphéðinn sagst ætla í sauðaleit?
(Þegar bræðurnir hefndu níðvísanna sem Hallgerður lét kveða um fjölskylduna á Bergþórshvoli).
7. Hvernig náði Skarphéðinn að koma Þráni á óvart?
(Hann renndi sér fótskriðu yfir Markarfljót og fór svo hratt að hann var eins og fugl á flugi. Þannig náði hann að höggva Þráin áður en hann áttaði sig).
8. Hvað féll niður á ísinn þegar Þráinn dó?
(Jaxlarnir hans).
9. Skarphéðinn sagði „Tekið hef ég hvolpa tvo“. Hverjir voru hvolparnir?
(Grani sonur Gunnars á Hlíðarenda og Gunnar Lambason frændi hans).
10. Hvað gerði Skarphéðinn við unglingana og hvers vegna?
(Hann sleppti þeim, sagðist ekki vilja gera Högna vini sínum það að drepa bróður hans).
11. Hvernig brást Njáll við fréttunum af dauða Þráins?

(Hann varð þungur á brún og spáði því að þetta myndi leiða til dauða a.m.k. eins af sonum sínum).

Umræðuefni

Í þessum kafla er margt sem kemur aftur við sögu í Njálsbrennu, t.d. unglingarnir tveir sem Skarphéðinn slepti og jaxlar Þráins. Hvort tveggja þarf að leggja á minnið.

Fyrir eldri nemendurna er tilvalið að rifja upp það sem sagt er hér að framan um forspár og forlagatrú. Bæði Helgi og Njáll vara Skarphéðin við og spá illum endi. Þegar spádómar eru settir fram með þessum hætti í Íslendingasögunum er næsta víst að þeir rætast. Við vitum um leið og við lesum spádóma Helga og Njáls að þeir eiga eftir að koma fram. Spyrjið nemendur hvað þeir halda að þessir spádómar þýði. Bendið þeim á hvað þeir eru skuggalegir og hvað þeir boða mikla óhamingju.

10. kafli

Víg Höskuldur Hvítanesgoða

Njáll tekur Höskuld son Þráins (sem synir hans vógu) í fóstur til að stöðva hefndina. Höskuldur er mjög líkur Njáli, friðsamur og vitur, hann verður síðar goði og afar vinsæll. Mörður, eldri goðinn, reiðist og vill losna við hann. Hann rægir Höskuld við Njálssyni í þeim tilgangi að þeir drepi hann. Skarphéðinn stýrir aðför að Höskuldi, bræður hans, Kári og Mörður eru með. Þeir vega Höskuld á akri sínum. Höskuldur er í skikkjunni Flosanaut og verður hún alblóðug. Þetta þarf að muna því skikkjan kemur við sögu í næsta kafla. Njáll segir tíðindin hörmuleg og að hann hefði frekar viljað missa einn sinna eigin sona en Höskuld. Spáir að þetta muni leiða dauða yfir alla fjölskylduna en Kári muni sleppa. Athugið að sem fyrr eru svona spádómar vísir til að rætast.

Efnisspurningar

1. Hvernig reyndi Njáll að koma í veg fyrir hefnd eftir víg Þráins?
(Hann tók Höskuld, ungan son hans, í fóstur).
2. Hver var Mörður?
(Gamli goðinn sem öfundaði Höskuld vegna vinsælda hans).
3. Hvað ráðlagði faðir Marðar honum að gera?
(Hann sagði honum að fá Skarphéðin og bræður hans til að drepa Höskuld).
4. Hvað var Höskuldur að gera þegar Skarphéðinn og félagar réðust á hann?
(Hann var að sá korni).
5. Hvernig brást Njáll við þegar hann heyrði af vígi Höskuldur? – Hvað sagði hann?
(Hann sagði það hörmuleg tíðindi og sagðist frekar hafa viljað missa einn af eigin sonum en Höskuld).
6. Hverju spáði Njáll að myndi gerast?
(Hann spáði fyrir um dauða sinn, konu sinnar og allra sona sinna en að gæfan myndi bjarga Kára).

Umræðuefni

Í þessum kafla er minnst á goða en ágætis upplýsingar um þá eru á bls 32. Upplýsingar um goðana er gott að hafa í huga þegar rætt er hvers vegna Merði er svona illa við Höskuld. Höskuldur var svo vinsæll að bændurnir vildu ekki lengur fylgja Merði. – Hann var að tapa veldi sínu.

Skoðið upplýsingarnar um fósra á bls. 13 í Njálu. Njáll tekur Höskuld í fóstur til að reyna að koma í veg fyrir hefnd eftir víg Þráins. Hann ætlar með öðrum orðum að ala hann upp og jafnvel mennta hann. Hvernig haldið þið að þetta hafi átt að koma í veg fyrir hefnd?

Berið saman lýsinguna á Höskuldi í þessum kafla og Njáli í 2. kafla. Hvers vegna finnst Njáli hann vera líkari sér en nokkur sona sinna?

Hvað finnst ykkur um orð Njáls um að hann hefði frekar viljað missa eigin syni en Höskuld? Hvernig myndi ykkur líða ef pabbi ykkar segði svona?

Hugsið um síðustu orð Höskuldar. Hvort haldið þið að hann hafi verið heiðinn eða kristinn?

Finnst ykkur Höskuldur deyja sem hetja? Rökstyðjið svarið.

11. kafli

Köld eru kvenna ráð

Hildigunnur, ekkja Höskuldur, vill hefnd. Hún reynir að eggja Flosa, frænda sinn, til hefnda með því að gráta og greiða hár sitt. Þegar það dugir ekki kastar hún yfir hann blóðugri skikkjunni Flosanaut sem Höskuldur var veginn í. Flosi getur ekki skorast undan en er reiður þar sem hann veit að þetta mun enda illa. Flosi safnar liði en það gengur hægt því öllum líkar vel við Njál.

Efnisspurningar

1. Af hverju grét Hildigunnur?
(Hún bæði syrgði Höskuld og grét það að enginn skyldi hefna hans).
2. Hvernig eggjar Hildigunnur Flosa til hefnda?
(Fyrst greiðir hún sér og grætur, síðan hellir hún yfir hann blóðinu úr skikkjunni og skorar á hann með því að segja að hann megi kallast níðingur ef hann hefni ekki).
3. Hvers vegna gengur Flosa illa að safna liði gegn Njálssonum?
(Flestir bændurnir kunnu vel við Njál og vildu ekki fara gegn sonum hans).
4. Hvaða unglíngla fékk Flosi í lið með sér?
(Grana, son Gunnars á Hlíðarenda, og Gunnar Lambason. Strákana sem Skarphéðinn hafði sleppt við Markarfljót).

Umræðuefni

Kynnið fyrir nemendum það sem skrifað er hér að framan um eggjanir – hlutverk kvenna er ekki að bera vopn heldur skora þær á karlmennina að hefna. Hildigunnur verður að fá karlmann til að hefna Höskuldur, hún vill blóðhefnd. Flosi vill greinilega ekki hefna en neyðist til að gera það því hann getur ekki skorast undan. Spyrja má hvort krökkunum finnst konurnar jafnsekar og karlarnir þegar svona gerist. Er Hildigunnur jafnsek og Flosi ef einhver verður drepinn?

Hvernig er þetta hjá ykkur? Er sá sem skipar einhverjum að lemja einhvern jafnsekur og sá sem raunverulega slæst?

Skoðið hvernig Hildigunnur eggjar Flosa. Það er mjög flott hvernig hún hellir yfir hann blóðinu en getur þetta hafa gerst? Varðveitist fljótandi blóð lengi í klæðum?

Haldið þið að Flosi vilji hefna? Hvað sýnir að hann vill það ekki?

Hvernig er lýsingin á honum eftir að Hildigunnur hellir yfir hann blóðinu og hvað segir þessi lýsing ykkur um hvað honum finnst?

12. kafli

Váboði á Bergþórshvoli

Fólkið á Bergþórshvoli finnur á sér að eitthvað hræðilegt á eftir að gerast. Alls kyns fyrirboðar. Bæði Njáll og Bergþóra finna á sér að eitthvað slæmt er í vændum. Njáll biður fólk að sofna ekki heldur vera á verði. Vill að allir séu inni í bænum en Skarphéðinn er ósammála og vill verjast úti, hann óttast að kveikt verði í bænum. Skarphéðinn lætur Kára lofa að hefna ef hann sleppur.

Efnisspurningar

1. Hvað sagði Bergþóra að yrði til marks um að eitthvað hræðilegt myndi gerast?
(Hún sagði að það yrði slæmur fyrirboði ef Grímur og Helgi kæmu heim áður en fólk væri búið að borða).
2. Hvers konar sýnir sá Njáll?
(Honum fannst veggirnir vera horfnir og blóð um allt borðið og matinn).
3. Hvar vildi Njáll verjast?
(Hann vildi vera inni í bænum, eins og Gunnar hafði verið þegar ráðist var á hann).
4. Hverju lét Skarphéðinn Kára lofa sér?
(Að hefna þeirra ef hann kæmist undan).

Umræðuefni

Athugið að fjölmargt fólk er inni í bænum þessa nótt. Njáll, Bergþóra, börn þeirra, tengdabörn, barnabörn, vinnufólk og húskarlar, kannski eitthvert flökkufólk líka. Þarna er fólk á öllum aldri og langflest þeirra alsaklaust. (Þetta sést enn betur í næsta kafla).

Hvers vegna haldið þið að enginn hafi flúið? – Gat fólk flúið eitthvert? Hvernig haldið þið að ástandið sé inni í bænum þegar búið er að spá hryllilegum atburðum og enginn má fara að sofa? Hvernig haldið þið að börnunum þarna líði?

Veltið fyrir ykkur skoðunum Njál og Skarphéðins á því hvar eigi að verjast. Njáll vill verjast inni í bænum eins og Gunnar á Hlíðarenda hafði gert. Skarphéðinn bendir á að þeir sem réðust á Gunnar hafi verið höfðingjar og þess vegna hafi þeir ekki kveikt í. Hann býst við að Flosi og menn hans muni brenna Bergþórshvol. Samt leyfir hann föður sínum að ráða. Ímyndið ykkur að þið séuð inni í bænum að hlusta á feðgana takast á um þetta. – Með hvorum mynduð þið standa?

Enn er vísað í forlagatrúna. Skarphéðinn segir að faðir hans sé feigur. Það er eins og Njáli finnist ekki taka því að verjast því hann muni hvort sem er deyja þessa nótt. Hefði Skarphéðinn átt að bjarga föður sínum og senda hann út?

13. kafli

Njálsbrenna

Endalok fjölskyldunnar á Bergþórshvoli. Flosi kemur með lið sitt. Bræðurnir skjóta út spjótum og verjast. Flosi skipar mönnum sínum að kveikja í. Skarphéðinn reiðist þegar hann heyrir að Grani Gunnarsson er meðal andstæðinganna. Konum, börnum og húskörlum leyft að komast út. Helgi Njálsson reynir að komast út í kvenmannsgervi en er hálshöggvinn. Njáli boðið að fara út en hann vill það ekki. Bergþóra ekki heldur. Þau leggjast í rúmið og Þórður litli Kárason, barnabarn þeirra, með þeim, og bíða dauða síns. Njáll lætur breiða yfir þau uxahúð.

Efnisspurningar

1. Hvaða tvo slæmu kosti sagði Flosi að lið hans hefði?
(Að hætta árásumum og fara burt en eiga von á dauða. Eða að kveikja í bænum og brenna alla inni).
2. Hvers vegna varð Skarphéðinn reiður þegar hann heyrði í Grana Gunnarssyni?
(Af því að hann hafði gefið honum grið við Markarfljót).
3. Hvað notuðu konurnar til að reyna að slökkva eldinn?
(Vatn, sýru og hland).
4. Hverjum leyfði Flosi að ganga út úr brennandi bænum?
(Konum, börnum og húskörlum).
5. Hvernig reyndi Helgi Njálsson að komast út?
(Hann fór í kvenmannsföt og reyndi að komast út með konunum og börnunum).
6. Hvers vegna sagðist Njáll ekki vilja þiggja boð Flosa um að ganga út úr bænum?
(Hann sagðist vera of gamall til að hefna sona sinna og vildi ekki lifa við þá skömm).
7. Hver vildi verða eftir hjá Bergþóru og Njáli?
(Þórður Kárason, dóttursonur þeirra. Sonur Kára Sölmundarsonar og Helgu Njálsdóttur).
8. Hvað lét Njáll breiða yfir þau þrjú svo þau myndust aftur?
(Uxahúð).
9. Hvað var það síðasta sem Njáll og Bergþóra gerðu?
(Þau signdu sig og Þórð og fólu Guði anda sinn).

Umræðuefni

Hér er kristin trú farin að lita söguna verulega. Flosi segir það ábyrgðarhlut að kveikja í bænum þar sem þeir séu kristnir. Hann veit að hann er að kalla yfir sig reiði Guðs. Njáll segir fólki að vera óhrætt því að Guð láti þau ekki brenna bæði þessa heims og annars. Þá á hann við að fyrst þau muni brenna inni í bænum muni þau örugglega sleppa við logana í helvíti. Njáll og Bergþóra signa sig og drenginn og fela Guði anda sinn áður en þau leggjast og bíða dauða síns.

Hér væri hægt að rifja upp hvenær Íslendingar urðu kristnir og biðja nemendur að leita uppi þessar kristnu vísanir í textanum (einkum eldri nemendurna).

Takið eftir að Njáll vill ekki fara út því hann segist vera of gamall til að hefna sona sinna. Hefði hann getað komist hjá því að hefna þeirra?

Ímyndið ykkur hvernig það er að vera eitt af börnunum sem fá að ganga út. Í þessum hópi er líka Helgi Njálsson dulbúinn. Helgi rífur allt í einu upp sverð og heggur næsta mann og er svo sjálfur höggvinn. – Hvernig haldið þið að það hafi verið að fylgjast með þessu?

Hvað finnst ykkur um ákvörðun Njáls og Bergþóru að fara ekki úr eldinum?

En hvað um Þórð Kárason, getið þið skilið af hverju hann vill brenna inni með afa sínum og ömmu þegar mamma hans hefur líklega fengið að fara út? – Pabbi hans er reyndar enn þá inni í bænum. Haldið þið að hann þori kannski ekki út? Finnst ykkur rétt af foreldrum hans að leyfa honum að vera inni í bænum?

14. kafli

Skarphéðinn og Kári í brennunni

Skarphéðinn og Kári reyna að flýja. Kári kemst út en bitarnir bresta undan Skarphéðni og hann lokast inni. Gunnar Lambason spyr hvort hann gráti. Skarphéðinn reiðist og kastar í hann jöxlunum sem hann hafði höggvið úr Þráni á Markarfljóti (bls. 31). Grímur deyr en Skarphéðinn klemmist fastur.

Efnisspurningar

1. Hvers vegna var Kári viss um að þeir Skarphéðinn kæmust óséðir út um skálaendann?
(Hann sá að allan reykinn lagði þar út og var viss um að reykurinn myndi skýla þeim).
2. Hvers vegna sagði Skarphéðinn að það myndi kæta hann ef Kári kæmist á braut?
(Vegna þess að hann vissi að Kári myndi hefna þeirra allra).
3. Hvernig blekkti Kári brennumennina á bæjarhlaðinu?
(Hann henti brennandi spýtu út á undan sér. Föt hans voru auk þess logandi svo óvinirnir sáu ekki að þetta var maður).
4. Hvað gerði Skarphéðinn við Gunnar Lambason?
(Hann henti í hann jöxlunum sem hann hafði höggvið úr Þráni á Markarfljóti með þeim afleiðingum að hann missti auga og datt niður af þakinu).
5. Hvers vegna komst Skarphéðinn ekki út?
(Þakið féll ofan á hann og klemmdi hann fastan).

Umræðuefni

Enn er vikið að forlagatrúnni, Kári er svo mikill gæfumaður að hann mun alltaf komast undan. Skarphéðinn veit það. En hvers vegna vill Skarphéðinn þá ekki fara á undan honum út fyrst hann veit að Kári sleppur hvort sem er? Skarphéðinn er feigur og veit að hann mun deyja hvort sem hann sleppur út eða ekki. Haldið þið að þeir hefðu getað breytt einhverju um örlög sín?

Trúið þið að mönnum séu sköpuð örlög sem ekki er hægt að breyta? Er eitthvað í samtímanum sem vísar til þess að hægt sé að spá fyrir um framtíðina? Trúir fólk almennt á slíka spádóma? – Til dæmis stjörnuspár?

15. kafli

Eftir brennuna

Skarphéðinn heyrir kveða vísu en gæti verið dauður. Þetta minnir á vísuna sem Gunnar kvað í haugnum eftir dauðann (8. kafli). Flosa bregður er hann fréttir að Kári hafi komist undan. Njáll, Bergþóra og Þórður litli finnast óbrunnin í rústunum, utan einn fingur drengsins sem stóð undan uxahúðinni. Lík Njáls er ótrúlega bjart sem er kristileg lýsing, dæmigerð fyrir lýsingu á helgum mönnum. Ellefu lík finnast í rústunum.

Efnisspurningar

1. Hvers vegna sagði Flosi mönnum sínum að búast við því versta?
(Hann vissi að Kári hafði sloppið og að hann væri sá maður sem næstur kæmist Gunnari á Hlíðarenda að öllum hlutum).
2. Hvernig litu lík Njáls, Bergþóru og drengsins út?
(Þau voru óbrunnin utan einn fingur drengsins. Líkami Njáls var ótrúlega bjartur).
3. Hvað hafði Skarphéðinn gert til að bjarga Rimmugýgi?
(Hann hafði rekið hana djúpt í vegginn til að koma í veg fyrir að hún myktist í hitanum).
4. Hvers vegna varð Kári að hefna brennunnar?
(Hann var eini karlmaðurinn sem komst undan).

Umræðuefni

Njáll er sniðugur að láta breiða uxahúð yfir þau hjónin og Þórð litla. Uxahúðin er eins og eldvarnarteppi og verndar líkama þeirra. Honum er annað um að þau geti fundist eftir brennuna svo hægt sé að grafa þau að kristnum sið. Þetta er gjörólíkt því sem gert er við Gunnar, hann vill falla fyrir vopnum því þannig komust heiðnir menn til Valhallar. Skoðið muninn á endalokum vinanna.

16. kafli

Kári býst til hefnda

Kári er álitinn mikil hetja. Björn hvíti í Mörk og kona hans Valgerður, frænka Gunnars á Hlíðarenda, kynnt til sögunnar. Lýsingin á þeim einkennist af kímni, Björn er montinn og yfirlýsingaglaður en Valgerður er pirruð út í hann. Kári fer til þeirra og fær Björn með sér. Á meðan varar Flosi sína menn við og segir þeim að búa sig undir hefnd Kára eða flýja land og borga sektir.

Efnisspurningar

1. Hvað táknaði ljónið á skildi Kára?
(Að sá sem bar skjöldinn væri óttalaus og sterkur).
2. Hvar fékk Kári húsaskjól?
(Hjá Birni hvíta og Valgerði í Mörk).
3. Hvað ráðlagði Flosi mönnum sínum að gera?
(Að vera viðbúnir hefnd eða fara utan og borga sektir).

Umræðuefni

Kaflar 16 og 17 eru náskyldir og gott er að lesa þá saman.

Mannlýsingarnar í 16. kafla eru mjög skemmtilegar. Kára er lýst nákvæmlega í fyrsta sinn. Þessi lýsing er mjög myndræn og tilvalin til að myndskreyta. Hér mætti því nota tækifærið og bæta pappakarlinum Kára í hóp Gunnars og Hallgerðar, og fjölskyldu Njáls.

Skoðið lýsinguna á Birni hvíta og viðbrögð Valgerðar við því sem hann segir. Hvernig er Björn? Haldið þið að hann sé jafnhugrakkur og duglegur og hann segist vera?

17. kafli

Björn að baki Kára

Kári fær Björn í ferðir með sér þegar fréttist af mönnum Flosa í nágrenninu. Valgerður fær nóg af gortinu í Birni og hótar skilnaði ef hann stendur sig ekki. Kári og Björn verjast vasklega. Einn óvinanna er Grani Gunnarsson og særir Kári hann. Björn og Kári eru heilir en allir sárir úr hinu liðinu. Björn leggur til að þeir ginni óvinina, þykist fara en komi svo aftan að þeim. Þannig nær Kári að fella nær alla óvinina en Björn hjálpar honum. Einum gefa þeir grið og fer hann heim til Flosa. Kári og Björn snúa heim í Mörk og Kári segir Valgerði að Björn hafi reynst sér vel.

Efnisspurningar

1. Hvað sagði Valgerður þegar Björn ætlaði að fara með Kára?
(Hún hótaði að skilja við hann ef hann stæði sig ekki með sóma við hlið Kára).
2. Hvar sagði Kári Birni að vera þegar þeir réðust að óvinaflokkinum?
(Hann sagði honum að vera fyrir aftan sig og hafa sig lítið í frammi).
3. Hvernig fór fyrir Grana Gunnarssyni í bardaganum?
(Kári fleygði spjóti í gegnum skjöld hans og þaðan gegnum lærið á honum og í jörðina svo hann lá fastur).
4. Hvað lagði Björn til að þeir gerðu til að ná óvininum?
(Hann vildi að þeir þættust ríða burt en sneru við þegar óvinirnir sæju ekki til og kæmu aftan að þeim).
5. Hvernig lauk bardaganum?
(Allir óvinirnir nema einn voru drepnir en Kári og Björn særðust lítillega).

Umræðuefni

Athugið hvernig Kári og Björn berjast. Kári lætur Björn vera fyrir aftan sig, bæði til að hlífa honum og koma í veg fyrir að einhver komi aftan að sér. Björn vill ekki hafa Kára að hlífiskildi, þ.e. vill ekki að hann taki öll höggin enda er það ekki hetjulegt, en segist þó gera það þar sem Kári hafi krafist þess. Þegar Kári spyr Björn hvort hann vilji ríða burt eða berjast áfram, kys Björn að vera um kyrrt. Hann vill hjálpa Kára áfram en kannski þorir hann ekki að fara því þá myndi einhver óvinanna elta hann.

Þessi lýsing er mjög myndræn og myndirnar í bókinni sýna vel hvernig Björn skýlir sér á bak við Kára samtímis því sem hann aðstoðar hann í bardaganum.

Hvað finnst ykkur um Björn? Er hann hetja?

Hefði Kári komist af án hans?

18. kafli

Sögulok

Flosi siglir til Orkneyja þar sem Kári og Njálssynir höfðu verið eftir að Gunnar var veginn. Jarlinn í Orkneyjum handtekur Flosa fyrir brennuna enda hafði Helgi Njálsson verið hirðmaður hans. Flosi vill sættast og það tekst. Kári fer líka til Orkneyja. Brennan vekur mikla athygli og er Gunnar Lambason látinn segja frá henni. Gunnar hagræðir sögunni og lýgur, Kári heggur þá höfuðið af honum. Enginn vill handtaka Kára og konungar og jarlar dást að honum. Síðasta brennumanninn finur Kári á Bretlandi og heggur af honum höfuðið. Flosi fer í pílgrímsferð til Rómar, einnig Kári. Þegar Kári kemur aftur til Íslands lendir hann í óveðri, skip hans brotnar og hann kemst á land við bæ Flosa. Þeir sættast heilum sáttum og Kári og Hildigunnur, sem hafði verið gift Höskuldi Hvítanesgoða, giftast.

Efnisspurningar

1. Hvert fer Flosi eftir bardaga Björns og Kára?
(Hann fer til Orkneyja og dvelur hjá jarlinum þar).
2. Hvers vegna vildi jarlinn refsa Flosa?
(Vegna þess að Helgi Njálsson sem var drepinn í Njálsbrennu hafði verið hirðmaður hans).
3. Hvernig kom jarlinn fram við Flosa á endanum, refsaði hann honum?
(Flosi og jarlinn sættust og jarlinn gerði Flosa að hirðmanni sínum).
4. Hvernig sagði Gunnar Lambason frá Njálsbrennu?
(Hann laug og breytti sögunni, sagði t.d. að Skarphédinn hefði grátið).
5. Hver urðu endalok Gunnars Lambasonar?
(Kári hjó af honum höfuðið meðan hann sagði söguna).
6. Hvers vegna hlýddi enginn jarlinum þegar hann skipaði að Kári skyldi handtekinn?
(Kári hafði sjálfur verið hirðmaður í Orkneyjum og var mjög vinsæll þar).
7. Hvar fann Kári síðasta brennumanninn og hvað var hann að gera þegar hann drap hann?
(Hann var á Bretlandi og var að telja silfur þegar Kári hjó af honum höfuðið).
8. Hvert fóru Flosi og Kári að lokum?
(Þeir fóru í pílgrímsferð til Rómar).
9. Hvernig voru samskipti Flosa og Kára að lokum?
(Þeir sættust heilum sáttum og urðu vinir. Kári fékk að búa hjá Flosa og giftist Hildigunni frænku hans).

Umræðuefni

Í þessum kafla er mikið um sættir. Þær skiptu gríðarmiklu máli á þessum tíma því annars gat hefndin haldið endalaust áfram. Flosi og Orkneyjarjarlinn sættast og líka Flosi og Kári. Veltið því fyrir ykkur hvernig menn sættast, jarlinn býður Flosa til dæmis að vera hirðmaður sinn og Flosi býður Kára að dvelja hjá sér. Hildigunnur sættist greinilega líka enda giftist hún Kára sem þó hafði tekið þátt í að drepa Höskuld, manninn hennar.

Sagt er að settur hafi verið sögumannsstóll undir Gunnar Lambason þegar hann sagði frá brennunni, sjá hliðarefni á bls. 57. Gaman gæti verið að koma upp slíkum stól í skólastofunni og leyfa nemendum að spreyta sig á að segja sömu sögu og Gunnar, þ.e. frá brennunni.

Þessi sögumannsstóll getur orðið að skemmtilegum og fræðandi leik með „munnlega geymd“. Íslendingasögurnar eru sagðar hafa varðveist í munnlegri geymd áður en þær voru skráðar á bók. Það þýðir að fólk kunni sögurnar og sagði þær, hver á sinn hátt. Þannig lærðu nýjar kynslóðir sögurnar og héldu áfram að segja þær.

Gerid tilraun með hvernig sagan af brennunni hefur varðveist í munnlegri geymd í skólastofunni. Veltid því fyrir ykkur hvers vegna þid segið mismunandi frá. Segir einhver alveg rétt frá? Segja stelpur og strákar eins frá?

Ætli sé hægt að geyma sögur lengi í munnlegri geymd, þannig að þær gangi mann fram af manni, án þess að þær breytist? Er kannski allt í lagi að þær breytist? Gætu þær orðið betri?

Ein sönnun þess að efni geymist ekki óbreytt í munnlegri geymd er „hvísl-leikurinn“. Hvíslið einhverri setningu að einum nemanda, látið hann hvísla henni að þeim næsta og svo koll af kolli þar til síðasti nemandinn segir setninguna upphátt. Lokasetningin er að öllum líkindum ekki sú sama og byrjað var með.

Skoðið ferðir Kára og Flosa á korti, þeir sigla til Orkneyja, Bretlands og fara svo til Rómar. Svólitlar upplýsingar um Rómarferðir eru á bls. 58 en þangað fóru kristnir menn á miðöldum í pílgrímsferðir. Flosi og Kári eru greinilega báðir kristnir menn.

Verkefni í bókarlok

www.gunnarahlidarenda.is?

Hægt væri að nota þessa 1000 ára gömlu sögu sem efnivið í nútímaleg verkefni. Skiptið nemendum í nokkra hópa og látið þá gera heimasíður fyrir helstu persónur sögunnar. Síðurnar gætu verið með ýmsu móti en þar þarf að vera hægt að finna allar helstu upplýsingar um persónurnar, t.d. nafn, heimilisfang, fjölskylduhagi, lýsingu á persónunni o.s.frv.

Sæt saman!

Gunnar á Hlíðarenda (29) reyndi við Hallgerði langbrók (34) á Þingvöllum!

Látið bekkinn bú til dagblað eða tímarit þar sem sagt er frá helstu atburðum Njálu. Nemendur gætu unnið verkefnin hvort sem er í hópum eða einir sér. Sumir þyrftu að skrifa fréttir af hræðilegum atburðum, t.d. lokabardaga Gunnars eða Njálsbrennu, aðrir gætu skrifað slúðurfréttir, t.d. um það þegar Gunnar og Hallgerður hittast fyrst á Alþingi. Síðan mætti hugsa sér að einhverjir tækju viðtal, t.d. við Kára í sögulok eða Hildigunni. Einn gæti skrifað minningargrein um Njál eða Bergþóru o.s.frv. Svo mætti skreyta þetta með auglýsingum á einhverju fornu eða öðru sem krökkunum dettur í hug. Þeir ættu líka að geta fundið sniðugar myndir á netinu til að setja í blaðið.

Best væri að byrja á því að skipa ritnefnd sem héldi utan um blaðið og sæi um að allt efni skilaði sér. Bekkurinn þyrfti að koma sér saman um hvað ætti að vera í blaðinu og hvað það eigi að heita. Í þessu verkefni ætti að leyfa hugmyndafluginu algerlega að njóta sín.

Hvað-ef sögur

Ritunarverkefni sem reyna á ímyndunaraflið. Nemendur geta sér til um hvað gerst hefði ef...

- Skarphéðinn hefði sloppið úr brennunni
- Hallgerður hefði gefið Gunnari hárlökk
- Bergþórshvoll hefði verið úr steinsteypu
- Hallgerður hefði ekki látið stela mat frá Otkatli
- Búið hefði verið að stofan lögregluna
- Njáll og Bergþóra hefðu farið út úr brennunni þegar þau gátu
- Gunnar hefði farið í útleigð
- Búið hefði verið að finna upp símann

Væntanleg í kvikmyndahús um allt land!

Bandarískt stórfyrirtæki hefur ákveðið að kvikmynda Njálu en þar sem myndin verður tekin á Íslandi þarf að búa til íslensk auglýsingaspjöld fyrir myndina. Þetta þurfa að vera áberandi spjöld þar sem fram kemur nafn myndarinnar, hverjir leika í henni og örstutt um söguþráðinn. Skiptið bekknum í nokkrar auglýsingastofur.

***** Púff *****

Búið til teiknimyndasögu um einn kafla Njálu. Persónurnar geta aðeins sagt stuttar setningar því orðin þurfa að rúmast í „talblöðrum“.

Ritunarverkefni

Þú ert nágranni Njáls og góður vinur hans. Þú heyrir menn tala um að það eigi að brenna bæinn hans og vilt vara hann við. Skrifaðu Njáli bréf og segðu honum hvað muni að gerast. Þú verður líka að ráðleggja honum hvað hann eigi að gera.

Þú ert Kolskeggur bróðir Gunnars og ert kominn til Noregs eftir að hafa farið í útlegð. Þú skrifar Gunnari og segir honum hvað þú sért að gera og hvern þú hefur hitt. Þú lýsir líka áhyggjum þínum af honum því þú veist að hann er í lífshættu.

Þú ert Hallgerður langbrók og Gunnar er nýdáinn. Þú skrifar bestu vinkonu þinni bréf þar sem þú segir henni frá því sem gerðist. Þú trúir henni fyrir því hvernig þér líður og hvort þú saknir Gunnars.

Þú ert Hildigunnur og ert að velta því fyrir þér hvort þú eigir að giftast Kára þótt hann hafi drepið Höskuld, manninn þinn. Þú sendir bréf til mömmu þinnar þar sem þú segir henni hvað þér finnst um þetta, hvernig þér lítist á Kára og hvort þú saknir Höskuldar.

Þú ert draugur Gunnars á Hlíðarenda og kveður vísu þar sem þú segist frekar vilja deyja en víkja fyrir óvinunum. Þú ert mikil hetja í vísunni. Skrifaðu vísuna.

Falsaðar fornsögur

Nemendur „falsa“ fornsögur; reyna að stæla þær bæði að útliti og efni. Nemendur skrifa stuttar sögur í anda Njálu, hver þeirra þarf ekki að vera lengri en ein síða. Sögurnar þarf að skrifa með bleki eða feitu tússi en pappírinn má gera gamlan og skinnlegan í útliti með einföldum aðferðum, til dæmis með því að leggja hann í bleyti í tei eða þunnu kaffi. Jaðrar „skinnblaðsins“ þurfa að vera ójafnir og sums staðar mætti gera göt á blöðin.

Heimildir sem stuðst er við eru taldar upp á bls. 4 í Njálu.

Einnig var stuðst við:

Íslensk bókmenntasaga II. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík, 1983.

Ingvar Sigurgeirsson o.fl. *Landnám Íslands*. Námsgagnastofnun, Reykjavík, 1982.

Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi. Ritstj. Anne-Lise Arnesen o.fl. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1998.

Vefur um Leif heppna: <http://www.namsgagnastofnun.is/leifur/index.html>